



Fundur hreppsnefndar 24. maí 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 24. maí 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Ásrún Jørgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Fundargerð ritaði oddviti, Þórunn Egilsdóttir.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 10. maí sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 10. maí sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra frá 15. maí sl.
Lögð fram fundargerð þjónustuhóps aldraðra frá 15. maí sl.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundur æskulýðs- og íþróttanefndar frá 28. mars sl.
Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 28. mars sl., lögð fram.
Hreppsnefnd tekur undir hugmynd nefndarinnar, sem fram kemur í 1. tl. hennar og fjallar um leikjanámskeið.
Varðandi aðrar ábendingar í fundargerðinni svo sem aðgang barna að sundlauginni, umhirðu o.fl. er sveitarstjóra falið að ræða við formann nefndarinnar um úrlausnir mála.

4. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 9. maí og 23. maí; seinni fundargerðinni verður dreift á fundinum.
Lagðar fram fundargerðir bygginga- og skipulagsnefndar frá 9. og 23. maí sl.
Guðrún Anna vék af fundi.
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrirleggjandi fundargerðir.
Guðrún Anna sneri aftur til fundar.
5. mál. Verksamningur við Króla ehf. um flotbryggjur.
Lagður fram verksamningur við fyrirtækið Króla ehf. varðandi verkið "Vopnafjörður flotbryggjur".
Samkvæmt verksamningi skal verkinu lokið eigi síðar en 3. ágúst nk.
Hreppsnefnd samþykkir samninginn samhljóða fyrir sitt leyti.

6. mál. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, bréf dags. 9. maí sl.-Umsögn, Ollasjoppa.-
Lagt fram erindi Sýslumannsins á Seyðisfirði frá 9. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps um umsókn Árnýjar Birnu Vatnsdal f.h. Ollasjoppu ehf, Vopnafirði um nýtt rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II að Kolbeinsbötu 35, 690 Vopnafjörður.
Að skoðuðu máli sér hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps því ekkert til fyrirstöðu að heimila umbeðið rekstrarleyfi. Hér er um nýjan rekstraraðila að ræða á rekstri, sem verið hefur þarna um árabíl.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða.

7. mál. Framkvæmdir, fráveita, við ytri hluta Hafnarbyggðar.-Heimild til framkvæmda.-
Lagðar fram og kynntar hugmyndir að lagningu fráveitulagna o.fl. frá hafnarvog og út ytri hluta Hafnarbyggðar. Framkvæmd þessi er hluti af endurbyggingu útrásakerfis sveitarfélagsins og

nauðsynlegt að lokið verði við hana áður en aðalinnkoma umferðar í sveitarfélagið kemur þessa leið inn í þéttbýlið.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að láta vinna útboðsgögn vegna framkvæmdarinnar og leita tilboða í verkið.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða.

8. mál. Bréf ferðamálasamtaka Vopnafjarðar frá 18. maí sl., varðandi styrk.

Lagt fram bréf frá ferðamálasamtökum Vopnafjarðar dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir aðstoð sveitarfélagsins við gerð auglýsinga um áhugaverða staði í sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd fjallaði um erindið og felur oddvita að afla meiri gagna um málið.

9. mál. Grímsstaðir á Fjöllum. Stofnfundargerð og stofnsamþykktir.

Lagðar fram samþykktir fyrir nýtt fyrirtæki GÁF ehf., en félagið hefur þann tilgang að undirbúa kaup, eignarhald og leigu hluta jarðarinnar Grímsstaðir á Fjöllum í Norðurþingi.

Jafnframt lögð fram stofnfundargerð fyrirtækisins frá 11. maí sl. Vopnafjarðarhreppur er einn stofnaðila fyrirtækisins en eins og fram hefur komið mun fyrirtækið vinna að undirbúningi kaupa og leigu hluta jarðarinnar Grímstaðir á Fjöllum.

Afrakstur þeirrar vinnu mun síðan vera lagður fyrir og kynntur viðkomandi sveitarstjórnnum áður en lengra verður haldið.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða ofangreinda málsmeðferð og fyrirliggjandi gögn fyrir sitt leyti.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) HSA bréf dags. 15.05 sl., þar sem óskað er eftir samvinnu við útgáfu á bæklingi.

Í fyrirliggjandi erindi frá HSA óskar stofnunin eftir aðstoð sveitarfélagsins við útgáfu á kynningar -og upplýsingabæklingi.

Hreppsnefnd hafnar erindinu að svo stöddu og vill sjá hver þróunin í samstarfinu verður.

b) Fundargerð HAUST frá 9. maí 2012.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.40